

Stuðningur

Næsti yfirmaður: Deildastjóri

Starfssvið: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Meginverkefni: Uppeldi og menntun: Tekur þátt í uppeldi og menntun barnanna eftir því skipulagi sem yfirmaður ákveður. Stuðningsfulltrúi vinnur eftir einstaklingsnámskrá barna eftir leiðsögn deildastjóra/sérkennslustjóra og aðstoðar börnin við að ná settum markmiðum. Hann aðlagar verkefni að getu nemandans samkvæmt leiðbeiningum deildastjóra/sérkennslustjóra, ýtir undir sjálfstæð vinnubrögð, og styrkir félagsleg tengsl. Hann kemur að undirbúningi og skipulagi kennslu, eftir þörfum, og í samræmi við þann tíma sem skilgreindur er til þess og tekur þátt í fundum um skjólstæðing.

Stjórnun og skipulagning: Vinnur samkvæmt því skipulagi sem deildarstjóri, sérkennslustjóri og leikskólastjóri ákveða.

Foreldrasamvinna: Vinnur í samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna undir stjórn deildarstjóra/sérkennslustjóra. Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

Annað: Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans. Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna sem yfirmaður felur honum.